

Fimmtudaginn 4. nóvember 1982.

Nr. 2/1982. **Bandalag háskólamanna f.h.
Hins íslenska kennarafélags vegna
Agnethe Kristjánsson**

(Jón Þorsteinsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Deilt um kennsluskyldu kennara.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 26. október s.l., var höfðað með stefnu 9. september s.l.

Stefnandi er Bandalag háskólamanna f.h. Hins íslenska kennarafélags vegna Agnethe Kristjánsson.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennt verði með dómi að vikuleg kennsluskylda Agnethe Kristjánsson við framhaldsdeild grunnskóla Garðabæjar, skólaárið 1981—1982, miðist við 26 einingar fram til 1. janúar 1982, en frá þeim tíma við 25 einingar, og stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað.

Stefndi krefst þess að hann verði dæmdur sýkn af kröfum stefnanda, og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað.

Í sérkjarasamningi Félags menntaskólakennara við stefnda, sem gerður var 15. maí 1974, var það ákvæði í 5. gr. 10. mgr. að vikuleg kennsluskylda kennara skyldi lækka úr 27 einingum, þ.e. kennslustundum, í 26 einingar eftir 5 ára starf, í 25 einingar eftir 10 ára starf og 24 einingar eftir 15 ára starf.

Er sérkjarasamningur tókst með þessum aðilum þann 1. júní 1976 voru þessi ákvæði um afslátt af kennsluskyldu afnumin. Var jafnframt gerð sérstök bókun lútandi að þessu atriði, svonefnd Bókun X, og er hún á þessa leið:

„Aðilar eru sammála um, að þeir kennarar, sem settir voru eða skipaðir í starf 1975—1976 eða fyrr og enn eru í starfi í skólum þar sem lækka átti kennsluskyldu skv. samningum eftir 5, 10 og 15 ára starf, njóti áfram ákvæða 10. mgr. 5. gr. samnings aðila frá

15. maí 1974, sem hljóðar svo: „Vikuleg kennsluskylda kennara sbr. 2. mgr. 5. gr. lækkar í 26 einingar eftir 5 ára starf, í 25 einingar eftir 10 ára starf og í 24 einingar eftir 15 ára starf. Listi yfir þá kennara, sem undir þessi ákvæði falla, fylgja samningi þessum.“

Samskonar ákvæði hefur verið endurtekið í sérkjarasamningum (kjaradómum) síðan, og kemur fram sem gr. 5.11 í samningi 1. nóvember 1977, og samningi Hins íslenska kennarafélags og stefnda, sem tók gildi 1. mars 1980 og loks sem gr. 5.12 í samningi þeirra, sem tók gildi 1. mars 1982.

Agnethe Kristjánsson, sóknaraðili máls þessa, hefur lokið B.S. prófi í stærðfræði. Hún réðst til starfa sem stærðfræðikennari við Menntaskólann við Hamrahlíð á árinu 1970 og gegndi þeirri stöðu til byrjunar skólaárs 1981—1982, er hún fékk launalaust leyfi frá kennslu. Hafði hún þá notið ákvæðis 5. gr. 10. mgr. kjarasamnings 15. maí 1974, sbr. Bókun X með kjarasamningi 1. júní 1976, þannig að kennsluskylda hennar lækkaði úr 27 vikulegum einingum í 26 frá og með 1. janúar 1977.

Jafnframt því sem sóknaraðili fékk leyfi frá kennslu við Menntaskólann við Hamrahlíð var hún sett kennari við grunnskóla Garðabæjar og hefur síðan gegnt kennslu við framhaldsdeild skólans.

Í máli þessu er deilt um rétt sóknaraðila til að njóta réttar til afsláttar kennsluskyldu í starfi hennar við grunnskóla Garðabæjar. Kennsluskylda hefur verið 27 einingar á viku og hún hefur ekki fengið kennsluafslátt síðan hún tók þar við kennslu. Telur stefnandi hana beitta órétti að þessu leyti.

Málefnið var lagt undir Kjaradóm. Var dæmt í því þann 26. maí 1982, og var málinu vísað frá dómi.

Í málflutningi sínum heldur stefnandi því fram að ákvæði 5. gr. 10. mgr. sérkjarasamnings frá 1974 geti tekið til fleiri kennara en menntaskólakennara, ef segja megji að skólar er þeir kenna við séu sambærilegir menntaskólum að námsefni.

Í nefndum sérkjarasamningi sé alls ekki minnst á tiltekna skóla þar sem afsláttur frá vikulegri kennsluskyldu skuli gilda, heldur aðeins sagt að kennarar skuli njóta þar greinds afsláttar eftir tiltekin árabíl. Verði að telja að þessi réttur sé veittur öllum þeim kennurum er ráðnir séu samkvæmt þeim samningi. Sá listi er skv. niðurlagi Bókunar X hafi átt að semja, hafi enn ekki verið saminn til hlítar.

Sú afstaða stefnda að neita öðrum en menntaskólakennurum um

afslátt frá vikulegri kennsluskyldu sé allsendis óréttmæt einnig er haft sé í huga hve aðstæður hafi breyst frá því ákvæði þessi urðu til. Skipting milli framhaldsskóla sé nú allt önnur en þegar samningar tókust 1974 og 1976, t.d. séu gagnfræðaskólar nú horfnir og húsmæðraskólar að mestu, en til séu komnir fjölbrautarskólar og framhaldsdeildir grunnskóla, allir framhaldsskólar hafi nú 27 eininga vikulega hámarks kennsluskyldu kennara og njóti kennarar nú sömu launakjara við alla framhaldsskóla, miðað við sömu menntun. Þess vegna sé ekki nema eðlilegt að félagsmaður Hins íslenska kennarafélags, settur eða skipaður til kennslu á skólaárinu 1975—1976, eða fyrr, njóti nú afsláttar frá vikulegri kennsluskyldu við framhaldsskóla þann er hann starfi við.

Stefnandi bendir á það að sóknaraðili Agnethe Kristjánsson annist nú samskonar kennslu við framhaldsdeild grunnskóla Garðabæjar og hún gegndi við Menntaskólann við Hamrahlíð. Framhaldsdeildin sé í raun fjölbrautarskóli og svari næstum nákvæmlega til fjölbrautardeildar Flensborgarskólans í Hafnarfirði. Báðir skólar hafi rétt til að útskrifa stúdenta. Í þessu sambandi sé þess að geta að þó ekki kæmi annað til hafi Flensborgarskólinn og Fjölbrautarskólinn í Beiðholti svo að segja verið dregnir undir kennsluafsláttarkerfi sérkjarasamningsins frá 1974, við samning sem hafi leitt til lykta deilu stefnda og Félags menntaskólakennara vegna kennara í þessum skólum á árinu 1975, en í 5. gr. þess samnings segi að almennt skuli um önnur atriði, en þá var samið, fara eftir sérkjarasamningum um kjör kennara.

Öll atvik þessa máls leiði til þess að sóknaraðili Agnethe Kristjánsson hafi með því að stunda kennslu við Menntaskólann við Hamrahlíð á þeim tíma sem greint var, unnið sér persónubundinn rétt til þess að halda afslætti af kennsluskyldu meðan hún starfar á kjörum þeim er sérkjarasamningur Hins íslenska kennarafélags mælir fyrir um.

Stefndi vísar til orða margnefndrar Bókunar X með sérkjarasamningi Félags menntaskólakennara 1976, þar sem skýrt komi fram að réttur til lækkunar kennsluskyldu sé ekki einungis persónubundinn heldur einnig bundinn við vissa skóla, þ.e. menntaskólana. Við gerð samnings þessa hafi viðsemjendur stefnda fallið frá ákvæði samnings 1974 um kennsluskyldulækkun, þó þannig að þeir sem þegar höfðu unnið sér þann rétt héldu honum. Beri að skýra orðin

„ . . . eru í starfi í skólum þar sem lækka átti kennsluskyldu“ mjög þröngt, þannig að það nái ekki til annarra skóla en menntaskólanna. Aðrir skólar þó sambærilegir kunni að þykja komi þar með engu móti undir. Þegar afnumið var ákvæðið um lækkun kennsluskyldu með þessum hætti, hafi ekki verið starfandi framhaldsdeild sú við grunnskóla Garðabæjar þar sem sóknaraðili starfar nú. Hún hafi notið þessa réttar vegna kennslu sinnar í Menntaskólanum við Hamrahlíð, en misst hans er hún lagði þar niður störf til að taka upp kennslu í Garðabæ. — Varðandi samning stefnda við Félag menntaskólakennara vegna kennara við Fjölbrautarskólann í Breiðholti og Flensborgarskólann, sé sérstaklega tekið fram að samningsaðilar séu ósammála um það hvort ákvæði 5. gr. 10. mgr. sérkjarasamnings 1974 gildi um kennara við fjölbrautarskóla, og hafi kennarar við þessa tvo skóla í raun aldrei notið kennsluafsláttar skv. framangreindri reglu.

Álit dómsins.

Hér að framan hefur því verið lýst að sérkjarasamningur Félags menntaskólakennara og stefnda 15. maí 1974 mælti fyrir um lækkun vikulegrar kennsluskyldu kennara eftir kennslualdri. Ekki er um það ágreiningur að við gerð sérkjarasamnings 1. júní 1976 átti að afnema þessa tilhögun, sem hafði gilt í tilteknum framhaldsskólum. Þó var afnám reglunnar með þeirri undantekningu er fram kemur í Bókun X, er fylgdi þessum samningi.

Þessi undantekning er bundin takmörkunum á tvennan hátt. Annars vegar er persónubundin takmörkun, þ.e. undantekningin gildir einungis um þá kennara, sem voru að starfi skólaárið 1975—1976, og hins vegar er hún bundin við þá skóla „þar sem lækka átti kennsluskyldu“ skv. 5. gr. 10. mgr. í sérkjarasamningi Félags menntaskólakennara og stefnda frá 1974.

Ekki verður séð að ákvæði sérkjarasamnings 1974 um lækkun kennsluskyldu eftir 5, 10 og 15 ára starf hafi nokkru sinni gilt í framhaldsdeildum gagnfræðaskóla, og raunar ekki heldur í fjölbrautarskólum.

Þá bendir ekkert til þess að margnefndu ákvæði Bókunar X hafi verið ætlað að taka breytingum með breyttum kennsluháttum þannig að það skyldi ná til annarra framhaldsskóla en það náði til árið 1976.

Þegar á þetta er litið þykir ekki verða fallist á kröfur stefnanda í máli þessu. Ber að sýkna stefnda af þeim.

Ekki þykir alveg næg ástæða til þess að dæma stefnanda til greiðslu málskostnaðar í máli þessu. Fellur málskostnaður niður.

Dóm þennan kváðu upp Þorsteinn Thorarensen, Halldór Þorbjörnsson, Björn Helgason, Jónatan Þórmundsson og Þorsteinn Geirsson.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af dómkröfum stefnanda, Bandalags háskólamanna f.h. Hins íslenska kennarafélags vegna Agnethe Kristjánsson í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 28. desember 1983.

Nr. 2/1983. **Alþýðusamband Íslands f.h.**

**Málm- og skipasmiðasambands Íslands
f.h. Félags járníðnaðarmanna, Reykjavík,
vegna Ingólfs Hansen**

(Jón Þorsteinsson hrl.)

gegn

Íslenska álfélaginu h/f

(Einar Árnason hdl.)

Kjarasamningur. Orlof.

Dómur.

Mál þetta, sem var dómtekið þann 13. þ.m., var höfðað með stefnu útgefinni 30. júní s.l. og þingfest þann 5. júlí s.l.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Málm- og skipasmiðasambands Íslands, f.h. Félags járníðnaðarmanna, Reykjavík, vegna Ingólfs Hansen.